

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum.

1. gr.

2. másl. 5. tl. 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Árið 2025 er rjúpnaveiði heimil frá og með föstudögum til og með þriðjudögum innan hvers veiðisvæðis með eftirfarandi hætti:

a.	Austurland	24. október – 22. desember
b.	Norðausturland	24. október – 2. desember
c.	Norðvesturland	24. október – 18. nóvember
d.	Suðurland	24. október – 11. nóvember
e.	Vesturland	24. október – 2. desember
f.	Vestfirðir	24. október – 18. nóvember

Rjúpnaveiðar eru þó alltaf óheimilar á friðuðu svæði, sbr. 9. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. og 17. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 1. september 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.

B deild - Útgáfudagur: 3. september 2025